

## AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá  
fyrir Menntunarsjóð Mæðrastyrsnefndar Reykjavíkur, nr. 596/2012.

1. gr.

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt eftirfarandi breytingu á skipulagsskrá sjóðsins:

6. gr. skipulagsskrárinnar verði svohljóðandi:

Stjórn sjóðsins skal skipuð 3-5 mönnum til 5 ára í senn. Jafnframt skulu við kjör á aðalmönnum í stjórn kosnir 2 menn í varastjórn til sama tíma. Stofnendur tilnefna fyrstu stjórn, en eftirleiðis mun fráfarandi stjórn við lok kjörtímabils kjósa nýja stjórn. Við val stjórnarmanna skal einfaldur meirihluti ráða. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Stjórnin stýrir öllum málefnum sjóðsins og kemur fram út á við fyrir hönd sjóðsins. Stjórn skal sjá til þess að skipulag og starfsemi sjóðsins sé í réttu og góðu horfi. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda sjóðinn. Stjórn sjóðsins getur veitt umboð fyrir sjóðinn. Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tæk á að fjalla um málið, sé þess nokkur kostur. Halda skal fundargerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum.

7. gr. skipulagsskrárinnar verði svohljóðandi:

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skal ársskýrslu sjóðstjórnar skilað til Ríkisendurskoðunar. Fyrsta reikningstímabilið er frá stofnun sjálfseignarstofnunarinnar og til næstu áramóta.

8. gr. skipulagsskrárinnar verði svohljóðandi:

Endurskoðandi sjóðsins skal vera löggiltur endurskoðandi/skoðunarmaður sem valinn er af stjórn og skal hann vinna ársreikning sjóðsins.

2. gr.

Ofangreindar breytingar á skipulagsskrá fyrir Menntunarsjóð Mæðrastyrsnefndar Reykjavíkur staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

*F.h. sýslumannsins á Norðurlandi vestra, 10. september 2019,*

**Björn Hrafnkelsson.**

*Auður Steingrimsdóttir.*